

## Fylgiskjal 2: Samantekt á gögnum um fátækt

Rannsóknir á fátækt á Íslandi hafa leitt í ljós ýmsar mikilvægar niðurstöður: M.a. undirstrika rannsóknir mikilvægi þess að bregðast við fátækt barna með markvissum aðgerðum, sérstaklega með stuðningi við viðkvæma hópa eins og börn einstæðra foreldra, innflytjenda og öryrkja.

- **Hagstofa Íslands.** Hlutfall einstaklinga undir lágtekjumörkum var 9% árið 2023 sem samsvarar um 35.000 einstaklingum. Þeir sem eru undir lágtekjumörkum búa á heimilum þar sem ráðstöfunartekjur heimilis eru undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna í landinu að teknu tilliti til heimilisstærðar. Ráðstöfunartekjur heimilis eru samanlagðar heildartekjur allra heimilismanna að frádregnum skatti. Niðurstöðurnar benda þannig til þess að þeir sem búa í leiguhúsnæði búi síður við fjárhagslegt öryggi en þeir sem búa í eigin húsnæði. Árið 2023 var hlutfall heimila í leiguhúsnæði þar sem heimilismenn voru undir lágtekjumörkum 18,8% samanborið við 6,4% heimila í eigin í húsnæði. Árið 2023 var lágtekjuhlutfall á meðal heimila á höfuðborgarsvæðinu 9,4% samanborið við 7,9% á meðal heimila utan höfuðborgarsvæðis. Munurinn er þó ekki marktækur og á það einnig við um fyrri ár. [Lágtekjuhlutfall 2023 - Hagstofa Íslands](#)
- **Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður.** Skýrsla forsætisráðherra, maí 2023. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/F%c3%a1t%c3%a6kt%20og%20%c3%a1%c3%a6tla%c3%b0ur%20samf%c3%a9lagslegur%20kostna%c3%b0ur.pdf>
- Fram kemur að heldur hefur dregið úr tekjufátækt á Íslandi á síðustu 20 árum. Lágtekjuhlutfallið var 15,3% árið 2000 og er 13,3% árið 2021. Taka ber niðurstöðum með varúð. Af þeim 13,5% íbúa sem voru undir lágtekjumörkum voru börn um 19,6% eða rúmlega 9 þúsund einstaklingar alls, ef miðað er við árið 2020. Lágtekjuhlutfall barna reiknast um 14% ef tekið er tillit til fjárhags bæði lögheimilis- og umgengnisforeldris. Áberandi hærra hlutfall barna sem tilheyra hópum í viðkvæmri stöðu (foreldrar með örorku, einstætt, innflytjandi og önnur kynslóð innflytjenda) er undir eða við lágtekjumörk og býr þar með við auknar líkur á fátækt.
- **Staða fatlaðs fólks á Íslandi.** Niðurstöður spurningakönnunar meðal fólks með örorkumat, endurhæfingarlífeyri eða örorkustyrk. Varða. Rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, des. 2023. Fram kemur að stór hluti fatlaðs fólks á Íslandi býr við sárafátækt og lífsskilyrði lífeyristaka eru töluvert verri en launafólks. Tæplega sjö af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum 80.000 kr, útgjöldum án þess að efna til skuldar og meira en helmingur metur fjárhagsstöðu sína verri nú en fyrir ári síðan. Staða einhleypra foreldra er sérstaklega alvarleg. [https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738\\_7fd8a5d39b6a4f658cb9c14cd87d2c82.pdf](https://www.rannvinn.is/files/ugd/61b738_7fd8a5d39b6a4f658cb9c14cd87d2c82.pdf)
- **Lífskjör barna 2004-2016:** Skýrsla unnin af Kolbeini Stefánssyni fyrir Velferðarvaktina sýnir að lífskjör barna versnuðu hlutfallslega meira en hjá öðrum hópum í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Þrátt fyrir bata eftir 2011 náðu lífskjör barna ekki fyrri hæðum árið 2016. Sérstaklega voru börn einstæðra foreldra og öryrkja viðkvæm fyrir þessari þróun. Staða á húsnæðismarkaði hefur veruleg áhrif á lífskjör barna, sérstaklega barna einstæðra foreldra og öryrkja. Hækkandi leiguverð og húsnæðiskostnaður hefur aukið fjárhagslegt álag á þessar fjölskyldur. [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/Lifskjor\\_fataekt\\_barna\\_2004-16\\_28022019.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Velferdarvaktir/Lifskjor_fataekt_barna_2004-16_28022019.pdf)

## Forsíða Barnaheilla:

- **Fátækt barna 2023:** Samkvæmt nýrri skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla bjuggu um 13,1% barna á Íslandi við fátækt árið 2023, sem er aukning frá fyrra ári. Þessi þróun er rakin til hækkandi verðbólgu og vaxtastigs, sem hefur aukið framfærslukostnað fjölskyldna. Fram kemur að eitt af hverjum fimm börnum sem búa í leiguhúsnæði eiga á hættu að búa við fátækt og 8,2 prósent þeirra búa við skort.
- **UNICEF á Íslandi** hefur fjallað um ýmislegt er lítur að málefnum barna og árið 2021 var gefið út rit um barnamiðaða greiningu á efnislegum skorti. [https://unicefceland.cdn.prismic.io/unicefceland/88d9bfbc-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3\\_UNICEF+-+Skortskýrsla+2021\\_loka.pdf](https://unicefceland.cdn.prismic.io/unicefceland/88d9bfbc-022f-4df4-82c9-dcac9c75faa3_UNICEF+-+Skortskýrsla+2021_loka.pdf)

## Skemman

- Lokaverkefni til BA gráðu í félagsvísindum. Ritgerð Unnar Jónu Stefánsdóttir: Staða fátækra barna og afleiðingar fátæktar í barnæsku, maí 2024: [https://skemman.is/bitstream/1946/47950/1/Ritger%C3%B0\\_Unnur\\_J%C3%B3na%20skemma.pdf](https://skemman.is/bitstream/1946/47950/1/Ritger%C3%B0_Unnur_J%C3%B3na%20skemma.pdf).
- Meistaraverkefni í félagsráðgjöf. Ritgerð Jóhönnu Freyju Ásgeirsdóttur: „Tryggingastofnun á mig“. Lífssögurannsókn á upplifun og reynslu af því að lifa við langtíma fátækt, nóv. 2025. Lokaverkefni: „Tryggingastofnun á mig“ Lífssögurannsókn á upplifun og reynslu af því að lifa við langtíma fátækt“. Lokaverkefni: „Tryggingastofnun á mig“ Lífssögurannsókn á upplifun og reynslu af því að lifa við langtíma fátækt“ | Skemman